

**Nd.**

**331. Breytingartillögur**

[94. mál]

við frv. til l. um Jarðeignasjóð ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:  
Þá er Jarðeignasjóði og heimilt að veita sveitarfélögum lán til jarðakaupa samkvæmt ákvæðum 6. gr.
2. Við 6. gr.
  - a. Á eftir 1. másl. 1. málsgr. komi: enn fremur einstaklingum til varanlegrar ábúðar, ef það að dómi Landnáms ríkisins og Búnaðarfélags Íslands verður til þess að styðja aðra byggð í viðkomandi sveitarfélagi, enda fari salan fram í samráði við sveitarstjórn.
  - b. Í stað orðanna „Heimilt er samkvæmt meðmælum Landnáms ríkisins“ í 2. málsgr. komi: Heimilt er og, að fengnum meðmælum Landnáms ríkisins, Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi sveitarstjórnar.
3. Við 7. gr. Á eftir „Landnámi ríkisins“ komi: Búnaðarfélagi Íslands og hlutaðeigandi sveitarstjórn.
4. Við 10. gr.
  - a. Á eftir orðunum „gjöldum og sköttum“ í 1. málsgr. komi: öðrum en fasteignaskatti af ónytjuðum jörðum sjóðsins, er greiðist með sama hætti og af öðrum jarðeignum.
  - b. Niður falli í sömu málsgrein orðin „hverju nafni sem nefnist.“
5. Við 11. gr. Greinin orðist svo:  
Jarðir, sem eru í eigu Jarðeignasjóðs og ekki eru nýttar samkv. 9. gr., skulu ekki teljast gjaldstofn fyrir opinberum sköttum og gjöldum, hverju nafni sem nefnast, sbr. þó 10. gr.  
Skylt er Jarðeignasjóði að taka þátt í fjallskilakostnaði vegna jarða í fámennum hreppum með erfið fjallskil.
6. Við 13. gr. Greinin orðist svo:  
Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 92 frá 23. júní 1936, um jarðakaup ríkisins. Eignir Jarðakaupasjóðs, aðrar en jarðir, renna til Jarðeignasjóðs ríkisins.